



296. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, kl. 12:00 þriðjudaginn 20. október 2020.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Garðar Svansson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Covid-19

Forseti fór yfir atburðarrás síðustu daga og þá óvissu sem það hefur skapað að reglugerð heilbrigðisráðherra og tilmæli sóttvarnalæknis hafa ekki inniborið sömu skilaboðin. Opnun líkamsræktarstöðva hefur einnig verið mjög umdeilanleg í ljósi stöðu íþróttastarfsins.

Ráðherra heimilaði íþróttir á sunnudaginn sl. en fljótlega varð ljóst að erfitt yrði að halda úti íþróttastarfi með hliðsjón af hópaskiptingum í grunnskólum á svæðinu, sbr. reglugerð um skólahald.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu treystu sér ekki til að framfylgja kröfum um sóttvarnir í mannvirkjum sínum og ákváðu að loka íþróttamannvirkjum og sundlaugum á svæðinu. Því blasir við að það verði ekkert íþróttastarf á höfuðborgarsvæðinu, a.m.k. þessa vikuna. Skólafrí er en gera má ráð fyrir því að málin verði endurskoðuð í byrjun næstu viku.

Forseti tók fram að íþróttastarf sé heimilt hjá þeim félögum sem eiga sín eigin íþróttamannvirki en þó með miklum takmörkunum sem flókið verður að framfylgja.

Almennar umræður urðu um málið. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að eiga gott og mikið samráð við yfirvöld og aðila sem að máli koma til að koma íþróttastarfinu í gang að nýju. Ítrekað hefur verið kallað eftir því, af hálfu íþróttaforystunnar, að meira samráð sé haft við íþróttahreyfinguna, ekki síst til að eyða óþarfa óvissu og mistúlkunum á reglum.

Rætt um mögulegar lausnir varðandi meistaraflokka og afrekshópa/fólk. Samþykkt að vinna stíft að því að koma starfi þeirra aldurshópa af stað í samráði við yfirvöld. Kallað hefur verið eftir fjöldatölum frá sérsamböndum ÍSí varðandi þá aldurshópa til að ná yfirsýn yfir það mengi.

Fundarmenn voru samþykkið því að eftir sem áður verði farið að tilmælum sóttvarnaryfirvalda varðandi íþróttastarfið í landinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.